

**Stofnanasamningur embættis héraðssaksóknara
við Stéttarfélag lögfræðinga, Kjarafélag viðskiptafræðinga og
hagfræðinga, Fræðagarð og Félag íslenskra félagsvísindamanna**

1. Gildissvið og markmið

Samningur þessi tekur til félagsmanna í Stéttarfélagi lögfræðinga, Fræðagarði, Félagi íslenskra félagsvísindamanna og Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga, sem ráðnir eru til starfa hjá embætti héraðssaksóknara. Samningurinn er hluti af gildandi kjarasamningum félaganna og fjármálaráðherra.

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með samningi þessum:

- Að embættið hafi yfir að ráða hæfu starfsfólk i góðu starfsumhverfi.
- Að þróa og útfæra skilvirkta launakerfi sem taki mið af þörfum, verkefnum og markmiðum héraðssaksóknara og hvetji til árangurs.
- Að launakerfið nýtist sem stjórntæki til að ná fram markmiðum stofnunar og stuðli að betri nýtingu rekstrarfjár en verði starfsmönnum jafnframt hvatning í starfi með gæði, vandvirkti og afköst að leiðarljósi.
- Að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum og gagnsæjum hætti.

2. Grunnröðun

2.1 Almennar forsendur röðunar

Ákvörðun um röðun starfa í launaflokka tekur mið af þeim verkefnum og skyldum sem í starfinu felast, menntun, ábyrgð, starfsreynslu og færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að gegna starfinu. Röðun miðast við grunnverksvið í viðkomandi starfi og/eða samþykktar starfslýsingar starfsmanna. Þá skal litið til þess hvar tiltekið starf er staðsett innan skipurits stofnunar eða annars formlegs starfsskipulags.

Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (BA/BS) í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk sem hér segir:

Starf sem gerir kröfu um 60 eininga (ECTS) viðbótarnám raðast að lágmarki einum launaflokki hærra en starf þar sem einungis er krafist grunnmenntunar og sé gerð krafa um meistaragráðu skal slíkt starf raðast að lágmarki 2 launaflokkum hærra sbr. upptalningu hér að neðan:

- Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar) = 1 launafokkur.
- Meistaragráða (90-120 einingar) = 2 launaflokkar.
- Doktors- eða sambærileg gráða (180 einingar) = 3 launaflokkar.

Lengra formlegt grunnnám skal metið með sambærilegum hætti.

Vil
Má
50

2.2 Skilgreining starfsheita

Launakerfi félagsmanna aðildarfélaga BHM hjá embætti héraðssaksóknara byggir á eftirfarandi starfsheitum:

Sérfræðingur I

Grunnmenntunarkrafa er BS/BA háskólagráða (180 ECTS einingar) eða samsvarandi. Starfið felur í sér vinnu við verkefni er varða rannsóknir sakamála og önnur verkefnasvið embættisins. Enn fremur aðstoð við saksóknarmeðferð samkvæmt nánari ákvörðun yfirmanns. Hér undir geta fallið störf er krefjast nokkurrar sérþekkingar, s.s.lestur og greining gagna, öflun gagna og úrvinnsla gagna, ritun bréfa og meðferð erinda, gerð álitsgerða, þátttaka í yfirheyrlum og rannsóknaraðgerðum sakamála og undirbúningi þeirra undir stjórn lögreglumanns eða löglærðs starfsmanns og önnur verkefni sem starfsmanni eru falin af yfirmanni.

Sérfræðingur II

Grunnmenntunarkrafa er MA/MS háskólagráða (meistarapróf 90/120 ECTS til viðbótar BS/BA háskólagráðu) eða samsvarandi. Sérfræðingur II sinnir sömu eða sambærilegum verkefnum og sérfræðingur I en getur þó verið falin flóknari verkefni til meðferðar og úrlausnar. Undir starfið fellur þátttaka í rannsóknum sakamála og við saksóknarmeðferð máls, sérfræðileg greining viðfangsefna og samskipti við aðila og stofnanir í tengslum við meðferð máls og úrlausn verkefna. Sérfræðingur II getur unnið sjálfstætt og/eða í hópi að krefjandi verkefnum og býr yfir talsverðri faglegri sérþekkingu í starfi er gerir viðkomandi kleift að leiðbeina öðrum og/eða stýra verkefnum.

Saksóknarfulltrúi

Grunnmenntunarkrafa er meistarapróf eða embættispróf í lögfræði (cand.jur., mag.jur., MA/MS, ML-gráða eða samsvarandi). Lögfræðileg verkefni og meðferð mála samkvæmt lögum um meðferð sakamála og öðrum reglum. Ákvörðun um saksókn og önnur málalok, greining sakarefna, öflun gagna, gerð ákæru, afgreiðsla erinda og þátttaka í rannsóknum og á fundum í tengslum við meðferð mála. Meðferð sakamála fyrir dómi. Starfið krefst nokkurrar sérþekkingar og vinnur saksóknarfulltrúi sjálfstætt og/eða í hópi að sérhæfðum og faglegum verkefnum sem honum eru falin af næsta yfirmanni.

Aðstoðarsaksóknari

Grunnmenntunarkrafa er meistarapróf eða embættispróf í lögfræði (cand.jur., mag.jur., MA/MS, ML-gráða eða samsvarandi). Lögfræðileg verkefni og meðferð mála samkvæmt lögum um meðferð sakamála og öðrum reglum. Ákvörðun um saksókn og önnur málalok, gerð ákæru og mætingar á dómpingu við fyrirtökur og málflutningur sakamála fyrir héraðsdómi. Greining sakarefna, öflun gagna, afgreiðsla erinda og þátttaka í rannsóknum og á fundum í tengslum við meðferð mála. Starfið krefst umtalsverðrar sérþekkingar og vinnur aðstoðarsaksóknari sjálfstætt og/eða í hópi að sérhæfðum og faglegum verkefnum sem honum eru falin af næsta yfirmanni og býr yfir



frumkvæði, reynslu og sjálfstæði í starfi er gerir viðkomandi kleift að leiðbeina öðrum og/eða stýra verkefnum/málauflokki.

Sérfræðingur með sértæka ábyrgð

Grunnmenntunarkrafa er MA/MS háskólagráða (meistarapróf 90/120 ECTS til viðbótar BS/BA háskólagráðu), embættispróf eða samsvarandi. Starfið krefst umtalsverðrar sérþekkingar og hæfni. Getur starfið falið í sér verkefnastjórn og stjórn málaflokka, þáttöku í yfirstjórn, mannaforráð, og/eða daglega ábyrgð á málaflokkum er varða skipulag starfseminnar og verkefni stofnunarinnar. Þá getur starfið falið í sér þáttöku í rannsóknum og meðferð sakamála sem og að annast önnur þau verkefni sem talin eru upp í skilgreiningu sérfræðings II og aðstoðarsaksóknara. Þá getur starfið falið í sér að koma fram fyrir hönd stofnunar á fundum, ráðstefnum og sambærilegum viðburðum, hér lendis sem erlendis, sem og undirbúning, utanumhald, framsögu og stjórn slíkra viðburða, allt samkvæmt nánari ákvörðun forstöðumanns. Þá getur starfið falið í sér þáttöku í fagnefndum og starfshópum, samskipti við Alþingi, ráðuneyti, stofnanir og fleiri aðila og önnur þau verkefni sem forstöðumaður felur viðkomandi.

2.3 Lágmarksröðun starfsheita

Sérfræðingur I	Launaflokkur 8.
Sérfræðingur II	Launaflokkur 12.
Saksóknarfulltrúi	Launaflokkur 12.
Aðstoðarsaksóknari	Launaflokkur 13.
Sérfræðingur með sértæka ábyrgð	Launaflokkur 15.

3. Starfslýsingar

Við röðun í launaflokka verði miðað við viðvarandi verksvið eða samþykktar starfslýsingar starfsmanna. Starfslýsingar verði endurskoðaðar við allar varanlegar breytingar á verksviði starfsmanna og/eða skipulagi stofnunar, starfsþróunar eða með hliðsjón af frammistöðumati sem gert er á grundvelli starfsmannasamtals.

4. Persónubundnir þættir

Meta skal persónubundna þætti sem álag á launaflokka. Slíkt álag er varanlegt enda umbun fyrir t.d. kunnáttu, reynslu eða sérstaka hæfni viðkomandi starfsmanns. Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi.

Hafi starfsmaður náð átta þrepum skal hann flytjast upp um launaflokk í næstu launatölu fyrir ofan, þannig að tryggt verði að áframhaldandi launaþróun geti átt sér stað í samræmi við ákvæði þessa samnings. Við þessa framkvæmd skal skjalfesta

þessa launaákvörðun sem starfsmaður og stofnun undirrita, en þar koma fram skýringar á launaflokkum og þrepum ásamt samsetningu launa.

4.1 Menntun og réttindi

Hér skal metin viðbótarmenntun og -réttindi sem nýtist í starfi umfram grunnkröfur í 2. kafla.

Héraðsdómslögmannsréttindi	1 álagsþrep
Diplóma (60 ECTS) eða annars konar framhaldsmenntun	2 álagsþrep
Meistaránám sem nýtist í starfi	4 álagsþrep
LL.M./doktorspróf (PhD)	6 álagsþrep

Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.

4.2 Starfsreynsla

Starfsreynsla er skilgreind sem samanlögð vinna við embættið eða sambærilegar stofnanir. Starfsreynsla áunnin við skammtímaráöningu skal einnig teljast að fullu. Hafi starfsmaður í upphafi starfs sértæka starfsreynslu sem nýtist við störf hans hjá embættinu má meta þá reynslu til hækkunar á sama hátt og starfsreynslu innan embættisins.

Starfsreynsla er metin eftirfarandi:

- Eftir eitt ár í starfi eitt álagsþrep.
- Eftir þrjú ár í starfi eitt álagsþrep til viðbótar.
- Eftir sjö ár í starfi eitt álagsþrep til viðbótar.

4.3 Hæfni og frammistaða

Sérstök færni og árangur starfsmanns getur gefið honum eitt launaþrep eða fleiri og skal mat byggjast á eftirfarandi þáttum:

- Starfsmaður sýnir góðan faglegan árangur í starfi
- Starfsmaður sýnir góða ástundun og sveigjanleika á álagstínum í starfsemi stofnunar vegna viðamikilla verkefna.
- Starfsmaður sýnir frumkvæði og metnað í starfi og getur tekið sjálfstæðar ákvarðanir, leitt vinnu hóps starfsmanna og verið virkur þátttakandi í hópavinnu.
- Meta má sérstaklega ástundun símenntunar, þáttöku á fagfundum og fræðistörf.

5 Tímabundnir þættir

Sé starfsmanni falið tímabundið verkefni sem felur í sér meiri ábyrgð eða umfang en gert er ráð fyrir í viðvarandi verksviði skal hann fá hækkun launa meðan á því stendur. Greitt skal samkvæmt þeirri ábyrgð eða umfangi sem starfið felur í sér og gerður um það sérstakur samningur.

Dæmi um tímabundna þætti:



A handwritten signature in blue ink, consisting of stylized loops and lines, with the letters 'V' and 'S' clearly legible at the end.

- Tímabundin aukin ábyrgð.
- Innleiðing verkefna.
- Þróun og nýsköpun.
- Sérstakt álag og erfiðleikastig.
- Vinnutímasveigjanleiki og annar sveigjanleiki í starfi.

6 Ymis ákvæði

6.1 Starfsmannasamtal

Regluleg og kerfisbundin starfsmannasamtöl starfsmanns og næsta yfirmanns skulu fara fram a.m.k. einu sinni á ári. Leitast skal við að þeim verði lokið fyrir lok desember ár hvert. Í þeim samtlum er fyrst og fremst rætt um starf og starfsþróun, frammistöðu og hæfni starfsmanna, afköst og vinnuaðstöðu, líðan í starfi o.fl, sbr. verklag þar um. Starfslýsingar skulu uppfærðar og verksvið starfsmanns skal tekið til athugunar í starfsmannasamtali.

6.2 Endurmenntun og starfsþróun

Stofnunin skal hafa á að skipa hæfu starfsfólk og stjórnendur skulu sjá til þess að starfsfólk geti viðhaldið og aukið við þekkingu á sínu fagsviði.

Starfsmenn skulu hafa tækifæri til starfsþróunar innan stofnunarinnar. Í árlegu starfsmannasamtali skal farið yfir starfslýsingu á viðvarandi verksviði og möguleika til starfsþróunar. Starfsþróun er ferli til að þráða færni starfsmanns m.t.t. þarfa stofnunarinnar og samkvæmt áhuga og ósk starfsmanns.

6.3 Ágreiningsmál

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar skv. 11. gr kjarasamnings.

6.4 Vísireglu

Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmanni eða starfsmönnum svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.



7 Gildistími

Stofnanasamningur þessi tekur gildi frá og með 1. júní 2016.

Heimilt er hvorum aðila um sig, stofnun eða fulltrúum stéttarfélags, að óska eftir endurskoðun stofnanasamnings verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans.

Reykjavík, 24. júní 2016

F.h. Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga

Háren ósk Pétursdóttir


F.h. embættis héraðssaksóknara

F.h. Stéttarfélags lögfræðinga,
Fræðagarðs og Félags íslenskra
félagsvísindamanna

SIGRÚN ÓSP SÍGURSDÓTTIR

Bókun 1

Yfirvinna

Aðilar eru sammála um að raða hverjum og einum starfsmanni upp á nýtt samkvæmt ákvæðum þessa stofnana samnings. Ef starfsmaður raðast lægra en í eldra launakerfi skal bætt úr því þar til viðkomandi starfsmaður hefur náð jafnri eða hærri röðun en áður var. Með þessu geta því eldri viðbótar flokkar og -prep og föst yfirvinna að hluta til fallið niður hjá hluta starfsmanna en á móti kemur þá jöfn eða hærri grunnröðun.

Við gildistöku þessa samnings falla fastlaunasamningar úr gildi þar sem við á.

Ofangreinda launaákvörðun skal skjalfesta, sem starfsmaður og stofnun undirrita.

Samþykki starfsmaður ekki að fastlaunasamningur falli úr gildi við gildistöku þessa samnings, þarf að segja fastri yfirvinnu formlega upp.

Afsali starfsmaður sér ekki föstum yfirvinnugreiðslum verður eldri launaröðun hans óbreytt þar til uppsögn stofnunar á föstum yfirvinnugreiðslum tekur gildi.

Breytt samsetning launa og ný launaröðun skal í engum tilvikum leiða til lækkunar heildarlauna starfsmanns.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um að meta reynslu af samningi þessum á árinu 2017 og kanna hvort tilefni sé til breytinga á ákvæðum hans.



Viðauki 1

Þann 14. ágúst 2015 kvað gerðardómur upp úrskurð í kjaradeilu 18 aðildarfélaga BHM annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar. Í 2. gr. úrskurðarorða gerðardóms um launahækkanir er kveðið á um hvernig laun skv. grein 1.1.1 í kjarasamningi skuli hækka á þeim framlengda gildistíma kjarasamnings sem gerðardómur ákvað. Þar kemur m.a. fram að þann 1. júní 2016 fari 1,65% „Til útfærslu menntunarákvæða, sbr. 5. gr. þessa úrskurðar, eftir því sem þörf krefur og eftir atvikum annarra þátta í stofnanasamningum.“

Í 5. gr. úrskurðarins er að finna nánari útlistun á því með hvaða hætti meta skuli menntun í stofnanasamningum. Aðilar gerðardóms, þ.e. fjármála- og efnahagsráðuneytið annars vegar og BHM og aðildarfélög þess hins vegar, eru ekki sammála um túlkun á ákvæðum gerðardóms um mat á menntun.

Þann 29. apríl 2016 sendi fjármála- og efnahagsráðuneytið leiðbeiningar til stofnana um útfærslu menntunarákvæðis úrskurðar gerðardóms. BHM sendi ráðuneytinu, ráðherra og forstöðumönum stofnana athugasemdir sínar þann 18. maí 2016 þar sem áréttar var að aðilar væru ósammála um túlkun þessa mikilvæga ákvæðis.

Óljóst er hvenær niðurstaða fæst í ágreining aðila og þá hver hún verður. Ekki er hægt að útiloka að það komi í hlut Félagsdóms að leysa úr þessum ágreiningi. Þar til slík niðurstaða fæst eða samkomulag næst með aðilum er ljóst að miða verður mat á menntun í stofnanasamningi þessum við leiðbeiningar fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 29. apríl 2016.

Þau stéttarfélög sem aðild eiga að stofnanasamningi þessum samþykkja hann með þeim fyrirvara að komi til þess að túlkun á ákvæðum gerðardóms verði síðar með öðrum hætti en skv. fyrrnefndum leiðbeiningum, eigi sér stað afturvirk leiðréttning í samræmi við þá túlkun.



Viðauki 2

Þrátt fyrir grunnumenntunarkröfu sérfræðings 2 í samningi þessum skal starfsmaður sem ekki er með meistarapróf og er starfandi við embætti héraðssaksóknara við undirritun samningsins falla undir skilgreiningu sérfræðings 2 samkvæmt samningi þessum.

Nicol
GJ

VIÐAUKI
við stofnanasamning embættis héraðssaksóknara við Stéttarfélag lögfræðinga,
Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Fræðagarð og
Félag íslenskra félagsvísindamanna, dags. 24. júní 2016.

Frá og með 10. mars 2017 verður Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU), sem starfar innan vébanda Bandalags háskólamanna (BHM), aðili að samningi þessum.

1. gr.

Við bætist nýtt starfsheiti sérfræðings í stoðþjónustu sem felur í sér eftirsarandi skilgreiningu starfsheitis, sbr. gr. 2.2 í ofangreindum samningi:

Sérfræðingur í stoðþjónustu

Grunninenntunarkrafa er BS/BA háskólagráða (180 ECTS einingar) eða samsvarandi. Starfið felur í sér sérhæfða aðstoð við starfsmenn og til stuðnings við kjarnastarfseimi embættisins. Hér undir geta fallið störf tengd skjalaumsýslu og aðstoð við starfsmenn á því svíði, upplýsingamiðlun og úrvinnsla innanhúss og út á við, t.d. hvað varðar innri og ytri vef embættisins, tölfraðivinnslu o.fl. Undir þetta starfsheiti falla einnig hugbúnaðar- og tölvutengd verkefni sem styðja við rannsóknir sakamála auk annarra starfa sem flokka má sem sérhæfða stoðþjónustu. Sérfræðingur í stoðþjónustu getur unnið sjálfstætt og boríð ábyrgð á og haft umsjón með viðkomandi verkefnum og býr yfir talsverðri saglegri sérþekkingu í starfi sem gerir viðkomandi kleift að leiðbeina starfsmönnum og vera þeim til aðstoðar.

2. gr.

Lágmarksröðun starfsheitis sérfræðings í stoðþjónustu verður launaflokkur 11, sbr. gr. 2.3 í ofangreindum samningi.

3. gr.


Aðilar eru sammála um að við næstu endurskoðun stofnanasamnings verði ofangreint fellt inn í þann samning.

Reykjavík dags. 23. mars 2017

F.h. stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

Andri Valur Þorisson

F.h. embættis héraðssaksóknara



F.h. Fræðagarðs, Stéttarfélags lögfræðinga og
Félags íslenskra félagsvísindamanna

Andri Valur Þorisson

F.h. Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga

Kára Óðda Þórssen